STÆRÐIR 1–8 ÁRA

Hnetugolla

Hringformað berustykkið mótast með því að fylgja munsturteikningunni skref fyrir skref. Það eru nefnilega fleiri aukningar en úrtökur í þessu hnetu- og laufamunstri og þar með myndast sjálfkrafa fleiri og fleiri lykkjur.

BERUSTYKKI

Prj ofan frá og niður. Fitjið upp (75) 75 (83) 83 (83) L á hringprjón nr. 3. Prj fram og til baka á hringprjóninum.
1. umf (ranga): Jaðar-L S, prj (1 B, 1 S) þar til 2 L eru eftir, 1 B, jaðar-L S.
2. umf: Jaðar-L S, prj (1 S, 1 B) þar til 2 L eru eftir, 1 S, jaðar-L S.
Endurtakið umf 1–2 þar til komnar eru 9 umf.
Skiptið yfir á hringprjón nr. 3,5. Prj munstur eftir munsturteikningu. Jaðar-L eru ekki sýndar á teikningunni og eru utan við munstrið. Þegar munstrið hefur verið prjónað eru (183) 183 (203) 203 (203) L á prjóninum og berustykkið mælist 10 cm (fyrir utan hálslíninguna).
Prj (1) 1 (3) 3 (1) umf sléttprjón. Merkið fyrir 4 laska-L þannig: (25) 25 (28) 28 (28) framstk-L, 1 laska-L, (38) 38 (42) 42 (42) erma-L, 1 laska-L, (53) 53 (59) 59 (59) bak-L, 1 laska-L, (38) 38 (42) 42 (42) erma-L, 1 laska-L, (25) 25 (28) 28 (28) framstk-L.
Prj sléttprjón en aukið jafnframt út í laska á undan og eftir hverri laska-L í næstu (3) 4 (3) 4 (6) umf á réttu: Prj að fyrstu laska-L, auk-H (sjá bls. 10), 1 S (= laska-L), auk-V (sjá bls. 10). Aukið á þennan hátt við hinar laska-L = 8 aukningar.
Eftir allar aukningarnar eru (207) 215 (227) 235 (251) L á prjóninum.
Prj 1–3 umf sléttprjón þar til berustykkið mælist (12) 13 (14) 15 (16) cm (fyrir utan hálslíninguna). Endið á röngu. Geymið erma-L (44) 46 (48) 50 (54).
Prj bak/framstykki.

BAK/FRAMSTYKKI

Fitjið upp (6) 8 (8) 9 (9) L á milli framstykkja og baks (þ.e. undir höndum) með hundafit = (131) 139 (147) 153 (161) L. Prj u.þ.b. (16) 19 (22) 24 (26) cm (peysan mælist þá u.þ.b. (28) 32 (36) 39 (42) cm). Endið á röngu. Skiptið yfir á hringprjón nr. 3. Prj (3) 3 (4) 4 (4) cm stroff (1 S, 1 B). Fellið af S og B.

STÆRÐIR
(1) 2 (4) 6 (8) ára

MÁL
Yfirvídd: (61) 65 (68) 71 (75) cm
Sídd: (31) 35 (40) 43 (46) cm

GARN
Sandnes Garn Duo

GARNÞÖRF
Dökkpúðurbleikt 4344:
(200) 200 (250) 250 (300) g

RÁÐLÖGÐ PRJÓNASTÆRÐ
Hringprjónar nr. 3 og 3,5 (60–80 cm)
Sokkaprjónar nr. 3 og 3,5

AÐ AUKI
(5) 5 (6) 6 (6) tölur (15 mm)

PRJÓNFESTA
22 L x u.þ.b. 29 umf sléttprjón =
10 x 10 cm á prjóna nr. 3,5